

Umsögn vegna máls nr. 165/2022 Drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum nr. 65/2003

Samþykkt á þessu frumvarpi á raforkulögum getur skapað þær aðstæður að stór orkufyrirtæki eða stórnotendur komist hjá því að borga kerfisframlag á sama tíma og heimili í landinu sem búa við skort á tengingu við dreifikerfi þurfi að fjármagna dreifikerfi til sín að fullu ásamt því að borga síðan notkunargjöld af fjárfestingu sinni sem verður þó að fullu í eigu dreifiveitna. Þetta er í mótsögn við tilskipun 2009/72/EB „Aðildarríkin skulu tryggja að réttindum og skyldum sem tengjast vanmegna viðskiptavinum sé beitt. **Einkum skulu þau grípa til ráðstafana til að vernda kaupendur á afskekktum svæðum.**“

Í frumvarpinu er ekki gerður greinamunur á lögheimilum eða almennum notendum. **Það væri til bóta ef að það kæmi inn í frumvarpið að lögheimili væru undanþegin þessu kerfisframlagi.**

Frumvarp þetta er gert í samráði við Samorku og Orkustofnunar, en ekki var aðkoma neytendasamtaka eða annarra samtaka sem tryggja rétt þeirra heimila sem enn eru ekki tengd dreifikerfinu.

Þetta frumvarp er brot á tilskipun 2009/72/EB (hluti af 3ja orkupakkanum)

Megintilgangur þriðja orkupakkans er að tryggja neytendavernd. Þriðji orkupakkinn á að tryggja heimilum aðgang að dreifikerfinu án mismunar að því er varðar aðgang að dreifikerfum. Innheimta á að vera gagnsæjar og án mismununar. Samkvæmt tilskipuninni þá er leyfilegt að vera með sérkjör í tveim tilfellum annarsvegar heimili, og hinsvegar þeir sem eru staðsettir afskekkt. Með þessum undanþágum þá er verið að tryggja sanngjarna þátttöku allra heimila að dreifikerfum. Með þessari lagabreytingu er verið að fara þvert gegn þessu með því gefa dreifiveitum val um hvort þeir fari fram á kostnaðarþátttöku heimila og í reynd er verið að útiloka einhver heimili sem langt eru staðsett frá dreifikerfi og búa við orkuskort með óhóflegri gjaldtöku, gjaldtöku sem ekki stunduð til eldri notenda eða stærri almennra notenda í einhverjum tilfellum. Það fylgja engar tölulegar upplýsingar með frumvarpinu en það væri fróðlegt að sjá hversu mörg lögheimili búa við þessa útilokun frá dreifikerfum á Íslandi með óhóflegu kerfisframlagi og hversu mikil áhrif það hefur á dreififyrirtækin að tengja þau heimili.

Í markmiðum raforkulaga kemur fram að þó skapi þurfi samkeppni á markaði þá megi það ekki koma í veg fyrir örugga raforkuafhendingu og að raforkukerfið þjóni hagsmunum neytenda.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/72/EB

Í formála.

26. Aðgangur án mismununar að dreifikerfinu ræður aðgangi á síðari stigum að viðskiptavinum á smásölustigi.

32. Grípa skal til frekari ráðstafana til að tryggja að gjaldskrár séu gagnsæjar og án mismununar að því er varðar aðgang að netum. Þessar gjaldskrár skulu gilda um alla kerfisnotendur án mismununar.

45 Aðildarríkin skulu tryggja að viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota og eftir því sem aðildarríkin telja rétt, lítil fyrirtæki, eigi rétt á að fá afhenta raforku af tilteknum gæðum á verði sem er greinilega samanburðarhæft, gagnsætt og sanngjarnt.... Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda vanmegna viðskiptavini á innri markaðinum á sviði raforku. Slíkar ráðstafanir geta verið breytilegar í samræmi við tilteknar kringumstæður í hlutaðeigandi aðildarríkjum og geta falið í sér sérstakar ráðstafanir....

50. Kröfur um opinbera þjónustu, þ.m.t. hvað varðar alþjónustu, og sameiginlega lágmarksstaðla sem fylgja í kjölfar þeirra, þarf að efla frekar til að tryggja að allir viðskiptavinir, einkum þeir sem eru berskjaldaðir, geti notið góðs af samkeppni og sanngjörnu verðlagi.

51 Hagsmunir neytenda skulu vera þungamiðjan í þessari tilskipun og raforkufyrirtæki skulu bera sérstaka ábyrgð á þjónustugæðum. Núverandi réttindi neytenda þarf að efla og tryggja, og auka þarf gagnsæi þeirra

53 Orkufátækt er vaxandi vandamál í Bandalaginu. Aðildarríki sem búa við slíkt og hafa ekki enn þróað landsbundnar aðgerðaráætlanir eða annan viðeigandi ramma, í því skyni að draga úr orkufátækt, skulu gera það með það að markmiði að færri þurfi að búa við slíkar aðstæður. Í öllum tilvikum skulu aðildarríkin tryggja vanmegna viðskiptavinum nauðsynlega afhendingu orku...

II kafli 3 gr.

3mgr. Aðildarríkin skulu tryggja að á yfirráðasvæði þeirra eigi allir viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota og, eftir því sem aðildarríkin telja rétt, lítil fyrirtæki (nánar tiltekið fyrirtæki með færri en 50 starfandi einstaklinga og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki meiri en 10 miljónir evra), rétt á alþjónustu, þ.e. að fá afhenta raforku af tilteknum gæðum á sanngjörnu verði sem er auðveldlega og greinilega samanburðarhæft, gagnsætt og án mismununar.

8mgr.... Aðildarríkin skulu tryggja að réttindum og skyldum sem tengjast vanmegna viðskiptavinum sé beitt. **Einkum skulu þau grípa til ráðstafana til að vernda kaupendur á afskekktum svæðum**“.

Eins og áður segir á innheimta að vera jöfn til allra kerfisnotenda gegnsæ og án mismunar. En gera má undantekningar frá þessum reglum og hygla þeim sem búa á afskekktum svæðum. Það er því þvert á þessa 3.mgr og 8.mgr. að taka kerfisgjald af þeim heimilum sem afskekktir eru við nýlagningu en gefa öðrum notendum e.t.v. 100% afslátt eins og lagt er til í þessu frumvarpi með því að láta stjórnendum dreifikerfa að meta hvort greiða þurfi kerfisframlag eða ekki.

Í 53.mgr. formála tilskipunarinnar er skýrt kveðið á um að skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum heimilum aðgengi að raforku til að draga úr orkufátækt, nú er orkufátækt mismunandi á milli landa en það eru fá heimili á Íslandi í þeirri stöðu að búa við orkufátækt **en þau eru til**.

Aðeins til upprifjunar um markmið íslenskra raforkulaga.

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.

Aðeins til upprifjunar úr Orkustefna til ársins 2050:

Í orkustefnu Atvinnuvegaráðuneytisins „Sjálfbær orkuframtíð Í orkustefnu til ársins 2050“ kemur fram að byggja þarf upp dreifikerfi raforku þannig að að það þjóni þörfum fólks óháð búsetu.

„Jafnt aðgengi að orku sé um land allt Innlend, endurnýjanleg orka þarf að vera aðgengileg á samkeppnishæfu verði um land allt og styðja þannig við byggðir landsins og atvinnulíf. Markmiðið er að þar geti þrífist atvinnustarfsemi með áreiðanlegu aðgengi að raforku. Til að ná þessu markmiði þarf að jafna orkukostnað milli þéttbýlis og dreifbýlis með aukinni jöfnun dreifikostnaðar raforku og niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar á köldum svæðum. Aðgengi landsmanna að jarðvarmahitaveitum er ekki jafnt vegna náttúrulegra takmarkana og bera sumir þar af leiðandi hærri kostnað við hitun húsa sinna. Áfram skal leitast við að jafna mun sem staðsetning veldur (niðurgreiðslur, stofnstyrkir til hitaveitna, varmadælur eða aðrir kostir). **Til að ná fram þessum markmiðum þarf enn fremur að byggja upp flutnings- og dreifikerfi raforku þannig að afhendingaröryggi og aflgeta sé tryggð svo mæta megi þörfum samfélagsins á hverjum tíma, óháð búsetu.** Aðilar á markaði, hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða almenning, munu búa við jafnræði, m.a. hvað varðar aðgengi að innviðum og kerfum... Skipulag stjórnslu og skilvirkir stjórnsluferlar skulu styðja við markmið orkustefnu og byggjast á gildum hennar. Stjórnslu gegnir mikilvægu hlutverki í tengslum við eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum.“

Í verkefna og aðgerðaryfirliti Orkustefnu er ítrekað skilgreint sem undirmarkmið að jafnt aðgengi sé að orku og innviðum. Það er alveg ljóst í að það er ekki jafnt aðgengi að orku og innviðum ef einhver heimili þurfa að greiða allan kostnað við nýlagningu dreifikerfis til sín.

Sigtryggur Veigar Herbertsson
170978-3159